



Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða

Starfsreglur skipulagshóps 13. september 2013

Sveitarfélögin Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð vinna að gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða. Nefnd um nýtingaráætlunina, sem er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi, hefur yfirumsjón með þessari vinnu. Starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga og skipulagsráðgjafi halda utan um almenna vinnu við verkefnið. Skipulagshópur er nefndinni til ráðgjafar. Í skipulagshópnum sitja fulltrúar sveitarstjórna (nefndar um nýtingaráætlun), fulltrúar íbúa og annarra hagsmunaaðila.

Unnið verður í samræmi við það verklag sem viðhaft er við gerð svæðisskipulags og fjallað er um í greinargerð um nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar og lýsingu á áætluninni.

Starfsmenn Fjórðungssambands og skipulagsráðgjafi sjá um fundarboðun og fundarritun.

Skipulagshópurinn fundar samkvæmt áætlun verkefnisins og hefur auk þess samskipti sín á milli með tölvupóstum eftir því sem þörf krefur. Gögnum verður miðlað í gegnum vefsíðu verkefnisins.

Boða skal til fundar með minnst viku fyrirvara.

Fundarseta í gegnum fjarfundabúnað er jafngild hefðbundinni fundarsetu.

Fundi skipulagshóps sitja eingöngu þeir sem tilnefndir hafa verið í hópinn (aðalmenn eða varamenn í þeirra stað).

Fundargerð og minnispointar verða sendir á skipulagshóp innan þriggja daga frá fundi. Athugasemdir skal gera innan þriggja daga en þá verða gögnin birt á vefsvæði verkefnisins.

Stjórnendur verkefnisins geta kallað hluta af skipulagshópi til fundar til að ræða einstök mál. Upplýsa skal skipulagshópinn um slíka fundi og innihald þeirra.

Unnið verður samkvæmt áætlun verkefnisins á hverjum tíma en hana má finna á vefsíðu verkefnisins. Áætlunin verður uppfærð eftir því sem þurfa þykir.

Skipulagshópurinn er skipaður fulltrúum sveitarstjórna, íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Hagsmunaaðilar eru skilgreindir sem þeir aðilar sem geta haft áhrif á eða geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmd nýtingaráætlunarinnar.

Áhersla er lögð á að sem víðtækust sjónarmið rúmist innan hópsins en jafnframt verður að takmarka stærð hópsins svo starfshæfni hans verði góð en fulltrúarnir eru málsvarar fjölda manna og sjónarmiða.

Fulltrúum hópsins er ætlað að upplýsa um nýtingu, sjónarmið og hagsmuni þess hóps sem viðkomandi er í forsvari fyrir. Þetta verklag mun leiða til þess að auðveldara verður að afla upplýsinga og greina helstu hagsmunaárekstra og vandamál. Áhersla er lögð á að hópurinn komist að sameiginlegri heildar-niðurstöðu um nýtingu og aðra stefnumörkun fyrir svæðið og sættist á eina skipulagslausn. Þannig verður mun líklegra en ella að almenn sátt ríki um áætlunina og að henni verði framfylgt.

Gert er ráð fyrir að þátttakendur og þau félög sem þau standa fyrir greiði þann kostnað sem til kann að falla vegna fundarhalds fulltrúa skipulagshóps í verkefninu, þ.e. ferðir, gistingu og upphald. Aðstandendur verkefnisins greiða ekki fyrir vinnu fulltrúanna.

Þátttakendur skulu hafa eftirfarandi í huga:

- ✓ Fulltrúar skipulagshóps eru sjálfir ábyrgir fyrir því að kalla til varamann komist þeir ekki á fundi hópsins.
- ✓ Þátttakendur í skipulagshópnum eru fulltrúar þeirra hagsmuna og félaga sem þeir standa fyrir og ber að hafa hag þeirra að leiðarljósi. Fulltrúarnir þurfa því að vera í góðu sambandi við sinn hóp eða sitt félag, virkja umræðu þar og miðla upplýsingum.
- ✓ Hagsmunir heildarinnar eru mikilvægari en hagsmunir einstaklinga.
- ✓ Aðila getur greint á um einstök atriði í tillögum skipulagshóps þrátt fyrir að allir aðilar hafi fallist á að samþykkja „heildarpakkann“.
- ✓ Skoða ber kosti og galla mismunandi tillagna og lausna.
- ✓ Andstöðu við sameiginlega niðurstöðu (t.d. eins eða tveggja aðila) þarf að fylgja rökstuðningur og skýring á því hvernig tillagan hefur afgerandi neikvæð áhrif á hagsmuni þeirra.
- ✓ Í sameiginlegri niðurstöðu getur falist hlutleysi aðila.
- ✓ Í niðurstöðu verður hægt að tilgreina þau atriði sem ágreiningur er um innan hópsins.

Til að tryggja skilvirkni, árangur og réttlæti á fundum skipulagshópsins skulu þátttakendur leitast við að:

- ✓ Koma fram af kurteisi og virðingu við alla viðstadda
 - ✓ Gæta fyllsta trúnaðar eftir því sem við á
 - ✓ Gæta þess að þátttakendur hafi jöfn tækifæri til að tjá sig
 - ✓ Tala á skýran og skilvirkan hátt
-

16.9.2013

Nánar er fjallað um aðdraganda, innihald, áherslur og aðferðafræði á vefsvæði verkefnisins. Þar er m.a. að finna lýsingu fyrir áætlunina sem og afurðir úr tilraunaverkefninu í Arnarfirði (sjá www.vestfirdir.is).
